

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 135/323
komudagur 21.11.2007

SVP
Samtök verslunar og þjónustu
Federation of Trade & Services

<21. nóvember 2007

Efni: Umsögn SVP um frumvarp til laga um sölu áfengis og tóbaks, 6.mál, sala léttvíns og bjórs

SVP hafa barist fyrir breytingu á smásölu léttvíns og bjórs frá stofnun samtakanna 1999 og skilað umsögnum um þau frumvörp sem komið hafa fram á Alþingi síðan. Það frumvarp sem hér liggur fyrir er um margt svipað þeim frumvörpum sem áður hafa verið flutt á Alþingi en því miður ekki hlotið umræðu né efnislega afgreiðslu þingheims alls.

Endurteknar skoðanakannanir sýna að viðhorf fólks í þjóðfélaginu hafa verið að breytast og sífellt stærri hluti Íslendinga og annarra íbúa landsins er fylgjandi því að sala léttvíns og bjórs verði heimiluð í almennri verslun.

Við yfirlestur þessa frumvarps og samráð við verslunarfyrirtæki sem aðild eiga að SVP er meginafstaða samtakanna samþykki, en það sem þó veldur mönnum áhyggjum og vilji er til að breyta eru annars vegar ákvæðin um að einstakar sveitarstjórnir eigi að ákveða hvernig þessum solumálum verður háttáð á sínum svæðum og hins vegar að þjónustustöðvar olúfélaga verði ekki heimilað að selja léttvín og bjór. Víða eru þetta orðnar umfangsmiklar verslanir. SVP telja einnig ótækt að ÁTVR geti haldið áfram rekstri vínbúða með núverandi áfengisgjaldi og haldið auk þess áfram að niðurgreiða kostnað vínbúðanna með tekjum af tóbakssölu. Þetta sé svo ójafn leikur við einkarekna verslun að óásættanlegt sé.

Því leggja SVP áherslu á eftirfarandi:

Áfengisgjaldið, sem Íslendingar eiga heimsmet í, verði lækkað verulega strax og enn fremur setji Alþingi þann vilja sinn inn í frumvarpið, að stefnt sé að því að leggja ÁTVR niður innan nokkurra (ákveðinn árafjöldi) ára og fela einkaaðilum alfarið dreifingu alls áfengis. Eignir fyrirtækisins verði þá seldar og andvirðið notað til forvarnarstarfs. Það er útilokað fyrir einkareknar verslanir að keppa við Vínbúðir ÁTVR með óbreyttu áfengisgjaldi og reyndar óeðlilegt að einkareknar verslanir séu að keppa við ríkisverslun á sama tíma og ríkið er að draga sig út úr samkeppnisrekstri. Hin lága álagning ÁTVR á afengi, sem fyrirtækið upplýsir að sé 13%, nægir ekki til reksturs smásölu og dugar varla fyrir launum. Þetta á jafnt við um Vínbúðir ÁTVR og rekstur einkaaðila. Laun og húsnæðiskostnaður er jafn hjá ÁTVR og einkaaðilum og því er allt tal um að 13% álagning dugi ÁTVR hreinn þvættingur. Áfengisgjaldið og miklar tekjur af tóbakssölu hafa gert ÁTVR kleift að reka þessa starfsemi. Því er augljóst að verð léttvíns og bjórs verður að hækka mikið hjá einkareknum verslunum

að óbreyttu áfengisgjaldi, en það gengur að sjálfsögðu ekki í samkeppni við Vínbúðir ÁTVR.

Í 2.gr.a staflið frumvarpsins er lagt til að í 3.gr.1.málsliður laganna kveði á um að útsöluverð áfengis sé frjálst en þó skuli fjármálaráðherra ákveða útsöluverð á sterku áfengi og tóbaki á hverjum tíma. ÁTVR í umboði ráðherra ákveður lágmarksverð tóbaks í dag og SVÞ telja að í frumvarpinu eigi að standa að fjármálaráðherra ákveði lágmarksútsöluverð en ekki útsöluverð.

Ákveðið verði í frumvarpinu að ríkið, en ekki sveitarstjórnir, setji skilyrði fyrir og veiti smásöluleyfi fyrir sölu áfengis. Það er alveg ótækt að sveitarstjórnir skipi þessum málum hver með sínum hætti. Menn hafa fyrir sér þá stöðu sem uppi var þegar þjónustutímar verslana voru mismunandi í Reykjavík og á Seltjarnarnesi og auðvelt er að ímynda sér hvað misvísandi reglur sveitarfélaga gætu haft óheppileg áhrif á markaði. Það þarf að koma fram í frumvarpinu hvenær dagsins má hefja sölu, hvort og þá hvernig þurfi að aðskilja léttvín og bjór frá öðrum vörum, hvernig ákvörðun um fjölda leyfa í hverju sveitarfélagi verði háttáð, auglýsingar inni í verslunum og aðgerðir vegna brota á reglum.


SVÞ mótmæla úreltu málfari í frumvarpinu sem felst í hugtakinu nýlenduvöruverslun sem er rökleysa og ætti að vera dagvöruverslanir eða eitthvað álíka, hvetja til þess að við ákvörðun um úthlutun söluleyfa verði tekið tillit til aðstæðna og þjónustu á viðkomandi svæði í stað þess að útiloka ákveðnar tegundir þjónustustöðva (með neysluvöru, rekstrarvöru og eldsneyti) í frumvarpinu. Þannig er eðlilegt að beina söluleyfum til stærri þjónustustöðva, en um leið óeðlilegt að útiloka minni einingar jafnvel þótt stórmarkaðir séu á starfssvæði þeirra. Því þarf heimild til smásölu með léttvín og bjór að vera almenn en ekki sértæk.

Mikill tvískinnungur ríkir varðandi auglýsingar á áfengi. Erlendar sjónvarpsstöðvar sem allur almenningur horfir á og útlend blöð og tímarit sem hér eru á boðstólum auglýsa áfengi, en innlendum fyrirtækjum er bannað að auglýsa vöruna. Það er alls ekki ásættanlegt að þessi tvískinnungur haldi áfram heldur verður að taka á þessu í frumvarpinu og heimila auglýsingar á áfengi með skilgreindum takmörkunum.

Ungur aldur mikils hluta starfsmanna í mörgum almennum verslunum takmarkar möguleika þeirra til að hefja sölu léttvíns og bjórs, en þó er rétt að minna á að 18 ára aldurslágmark þeirra sem selja tóbak hefur verið í gildi um árabil þannig að slíkar reglur eru þekktar í verslunarrekstri og þeir sem kjósa að selja tóbak, léttvín og bjór gera sér ljóst að því fylgja kvaðir varðandi aldur starfsmanna.

SVÞ-Samtök verslunar og þjónustu fagna því að sífellt fleiri þingmenn hafa vilja og kjark til að gera þær breytingar á þjónustu við neytendur í landinu sem eru með einhverjum sambærilegum hætti og tíðkast í nágrannalöndum okkar. Samtökin mæla með samþykkt frumvarpsins.

Virðingarfyllst,


Sigurður Jónsson framkvæmdastjóri